FÉLA3CA05

AFBROTAFRÆÐI
Framhaldsáfangi

**Hæfniþrep:**
Áfanginn er á þriðja þrepi.

**Undanfari:**
FÉLA2BB05 eða FÉLA2BA05

**Áfangalýsing:**
Farið verður í helstu kenningar afbrotafræðinnar og þeim beitt á málefni afbrotafræðinnar sem eru í brennidepli. Skoðuð verður þróun afbrota og refsinga hér á landi og á hinum Norðurlöndunum. Farið verður í heimsóknir og sérfræðingar á sviðinu fengnir í heimsókn. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, að þeir beiti öguðum vinnubrögðum um umfjöllun um málefni tengdum afbrotum og öðlist færni í að vinna með örðum metnaðarfull verkefni. Nemendur vinna sjálfstæða rannsókn.

**Námsmat:**
Námsmatið byggir á hlutaprófi og verkefnum sem unnin eru á önninni.